

SAMÞYKKT

um friðun og verndun trjágróðurs í Hafnarfirði

Markmið.

1. gr.

Markmið þessarar samykktar er að vernda trjágróður í þéttbýli Hafnarfjarðar sem talinn er hafa mikið náttúrulegt og/eða menningarlegt gildi.

Gildissvið.

2. gr.

Samþykkt þessi gildir um öll tré innan þéttbýlis í Hafnarfirði sem vegna hæðar, aldurs, fágætis eða annars menningarsögulegs gildis eru talin hafa mikið verndargildi. Miða skal við að trjágróður sé 8 metrar eða hærri eða 60 ára og eldri.

Samþykkt þessi nær einnig til trjágróðurs sem samþykkt hefur verið að vernda í aðal-og/eða deiliskipulagi.

Samþykkt þessi nær ekki til trjágróðurs á svæðum í þéttbýli í Hafnarfirði sem hafa verið friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 eða sérlögum og trjágróður sem þar hefur vaxið upp er í andstöðu við markmið viðkomandi friðlýsingar.

Framkvæmd.

3. gr.

Skipulags og byggingarráð Hafnarfjarðar fer með afgreiðslu mála samkvæmt samþykkt þessari undir yfirstjórn bæjarstjórnar Hafnarfjarðar í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar eftir því sem við á. Skipulags- og byggingarráð getur falið garðyrkjustjóra Hafnarfjarðarbæjar fullnaðar afgreiðslu mála sem falla undir 1. og 2. mgr. 2. gr. þessarar samykktar.

Óheimilt er að fella tré samkvæmt 2. gr. nema með leyfi skipulags- og byggingarráðs eða garðyrkjustjóra Hafnarfjarðar.

Umsókn um leyfi til að fella tré skal beint til garðyrkjustjórans í Hafnarfirði. Garðyrkjustjóri getur gert kröfu um að umsækjandi leggi fram með umsókn sinni afstöðumynd, ljósmyndir og / eða greinargerð eftir því sem þörf er á og skal þar koma fram rökstuðningur hvers vegna þarf að fella viðkomandi tré. Við afgreiðslu málsins skal garðyrkjustjóri rökstyðja niðurstöðu sína.

Ekki geta aðrir en eigendur trjáa fengið leyfi til að fella sem njóta verndar samkvæmt samþykkt þessari. Sé um að ræða tré á lóð fjöleignarhúss skal fylgja umsókn skriflegt samþykki meirihluta þinglýstra eigenda, bæði miðað við fjölda og hlutdeild í lóð, sbr. 41. gr. laga um fjöleignarhús.

Nú synjar Garðyrkjustjóri leyfisumsókn og skal athygli umsækjanda þá vakin á því, að hann getur skotið máli sínu til skipulags- og byggingarráðs. Skipulags- og byggingarráð skal þá taka umsóknina til formlegrar afgreiðslu.

Eftirlit.

4. gr.

Garðyrkjustjóri Hafnarfjarðar hefur eftirlit með því að ákvæði þessarar samþykktar séu virt.

Önnur ákvæði.

5. gr.

Við afgreiðslu mála samkvæmt samþykkt þessari og við mat á verndargildi trjáa skal auk skipulags- og byggingarlaga m.a. hafa hliðsjón af lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og reglugerð þar við nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, lögum um skógrækt nr. 3/1955 og alþjóða samningum sem Ísland hefur samþykkt á sviði náttúru- og umhverfisverndar.

Gildistaka.

6. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og öðlast gildi við staðfestingu umhverfisráðuneytisins og birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.